

Skrifstofa borgarstjórnar
Ráðhús Reykjavíkur
s. 411 4703
olof.magnusdottir@reykjavik.is

R19110394

BORGARRÁÐ 28. nóvember 2019: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um umbætur á svæði Geirsgötu og Kalkofnsvegar móts við Hörpu - R19110394

BORGARRÁÐ 28. nóvember 2019: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um umbætur á svæði Geirsgötu og Kalkofnsvegar móts við Hörpu - R19110394

Flokkur fólksins leggur til að taka svæðið, Geirsgata, Kalkofnsvegur móts við Hörpu til endurskoðunar til að lágmarka tafir. Á gatnamótunum við Geirsgötu eru umferðarljos sem ekki voru á upphaflegu deiliskipulagi frá 2006 þar sem Kalkofnsvegur og Geirsgata voru í beinu flæði, heldur var þessu breytt og þrengt í "T" gatnamót með ljósastýringu. Staða ljósanna er mjög erfið akandi umferð, þar sem ekki eru uppsettir ljósahattar nema við stöðvunarlinuna, en því sleppt hinum megin við gagnamótin. Þá eru gönguljós á öllum örnum gatnamótanna og þau tímastillað þannig að það er grænt á alla gangandi vegfarendur í töluverðan tíma í allar áttir og rautt á bílaumferðina, þó svo að enginn sé að ganga yfir. Þarna mætti setja hægri beygjuslaufu fram hjá ljósunum af Kalkofnsvegi inn á Geirsgötu eins og oft er gert til að greiða fyrir umferð og hægri beygjum. Staðan á þessu rúmlega 400 metra svæði móts við Hörpuna er skelfilegt, sérstaklega í vesturátt og verulegar umferðartafir að ástæðulausu með tilheyrandí mengun. Verst er ástandið á um 200 metra kafla við framkvæmdasvæði Landsbankans og að Geirsgötu. Lagt er til að allt þetta svæði verði tekið til endurskoðunar til þess að lágmarka tafir og auka flæði umferðar. Það er leitt að fallið skyldi frá að að nota verðlaunatillögu Hörpu í upphafi, þar sem Sæbraut, Kalkofnsvegur og hluti Geirsgötu átti að vera neðanjarðar undir torgið við Hörpuna.



- OutlookMessageContent.msg